



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu Flokks fólksins um að börn af erlendu bergi brotin heyri íslenskt mál sem oftast

Meðfylgjandi tillaga borgarráðsfulltrúa Flokks fólksins var lögð fram á fundi borgarráðs þann 5. september 2019 og var send skóla- og frístundaráði til meðferðar:

Lagt er til að fundnar verði leiðir til að tryggja að börn sem eru af erlendu bergi brotin heyri íslenskt mál sem oftast til að auka líkur þeirra á að tileinka sér íslensk mál sem fyrst. Þátttaka þeirra í umhverfi þar sem töluð er íslenska skiptir sköpum. Fram kemur í skýrslu innri endurskoðunar um úthlutun fjármagns til grunnskóla að börn af erlendu bergi sem eru fædd á Íslandi komu ekki nógu vel út úr prófi sem ætlað er að greina færni þeirra í íslensku. Fjármagni er úthlutað sérstaklega til grunnskóla vegna kennslu fjölgtyngdra barna. Stuðst er við niðurstöður Milli mála málkönnunarpróf sem mælir færni þeirra í íslensku. Úthlutunin byggir á tveimur breytum; annars vegar hlutfalli nemenda með annað móðurmál en íslensku af heildar nemendafjölda skólans og hins vegar af fjölda nemenda sem fá kennslu í íslensku sem öðru máli í skólanum. Samkvæmt niðurstöðum Milli mála málkönnunarprófs síðasta liðinna ára eru um 45% barna sem fædd eru á Íslandi af erlendum foreldrum sem þurfa mjög mikinn stuðning í íslensku. Það er sláandi hvað mörg börn sem fædd eru á Íslandi og hafa alist upp í leik- og grunnskólakerfinu séu engu að síður svo illa stödd í íslensku. Þetta þarf sérstaklega að leggjast yfir. Finna þarf leiðir til að tryggja að þessi börn heyri íslensku nægjanlega oft og vel til að geta meðtekið hana sem sitt fyrsta mál.

Greinargerð fylgdi.

Umsögn skóla- og frístundasviðs

Skrifstofa skóla- og frístundasviðs hefur tekið saman hvað er nú þegar gert í skóla- og frístundastarfi borgarinnar til að auka samskipti og lengja veru barna, sem hafa íslensku sem annað tungumál, í íslensku málumhverfi, auka við þau samskipti og samtal.

Miðja máls og læsis

Ráðgjafar Miðju máls og læsis leggja mikla áherslu í ráðgjöf sinni á að samskipti og samtal við börn sem hafa íslensku sem annað tungumál, sé aukið. Þeir benda kennurum og starfsfólki í skóla- og frístundastarfi á leiðir sem nýtast í starfi þeirra og bæði auka samtöl við börnin en einnig hvernig hægt sé að bæta gæði samtala. Í ráðgjöf sinni til foreldra benda ráðgjafar á

mikilvægi þess að lesið sé á íslensku fyrir börnin og horft á íslenskt barnaefni. Á heimasíðu Miðju máls og læsis má finna kennsluhugmyndir og ráðgjöf fyrir foreldra varðandi eflingu íslensks orðaforða, eins og er eingöngu á íslensku.

Brúarsmiðir MML

Ráðgjöf brúarsmiða Miðju máls og læsis til foreldra á ensku, filippseysku og pólsku í skólunum og í Miðju máls og læsis um íslenskt skólakerfi, frístundakerfi, menntun og uppeldi tví- og fjöltyngdra barna á Íslandi. Einnig er fjallað um tungumálastefnu fjöltyngdra fjölskyldna og mikilvægi þess að börnin læri íslensku, lesið sé fyrir þau á íslensku og þau horfi á íslenskt fræðslu- eða skemmtiefni. Brúarsmiðir halda reglulega fræðsluerindi fyrir foreldra úti í leik- og grunnskólum þar sem talað er um mikilvægi íslenskunámsins, þátttöku í frístunda- og tómstundastarfi og fleira því tengt.

Lestrarvinir

Lestrarvinir er skemmtilegt verkefni sem sameinar fjölskyldur og bókelska sjálfbóðaliða sem heimsækja þær vikulega og lesa fyrir börnin. Þannig eflist lesskilningur barnanna og áhugi þeirra á lestri eykst. Sjálfbóðaliðinn kemur í vikulegar heimsóknir á tuttugu vikna tímabili með nýtt og spennandi lesefni í farteskinu og kynnir fyrir barninu þann sið að lesa upphátt. Hver heimsókn er ein klukkustund. Lestrarvinurinn og barnið heimsækja svo bókasafnið saman og kynnast gleðinni sem fólgin er í yndislestri.

Lestrarvinir er samstarfsverkefni Borgarbókasafnsins og Miðju máls og læsis. Uppruni verkefnisins er hollenskur og gengur þar undir nafninu VoorleesExpress. Sigrún Jónína Baldursdóttir sem er einn af læsiráðgjöfum Miðju máls og læsis hefur tekið virkan þátt í að halda utan um þetta verkefni. Verkefnið var rannsakað fyrsta veturinn og sýndu helstu niðurstöður að þátttakendur voru ánægðir með verkefnið og töldu bæði foreldrar og sjálfbóðaliðar að börnin hefðu öðlast aukinn áhuga á bókum og eflst í málnotkun og orðaforða. Foreldrunum fannst þeir sjálfir hafa notið góðs af verkefninu og að lestur væri frekar iðkaður á heimilinu. Nokkrir foreldranna töluðu um að hafa með lestrarvininum kynnst samfélaginu á nýjan hátt og eignast vin. Sjálfbóðaliðarnir töldu sig hafa fengið innsýn í ólíka menningu og siði ásamt því að tengjast fjölskyldunni vinaböndum.

Þegar horft er til niðurstöðna staðlaðra prófa fyrir börn sem tala íslensku sem annað mál er ljóst, einnig út frá niðurstöðum rannsóknarinnar, að leita þarf allra leiða til að auka íslenskukunnáttu og jafna stöðu þeirra gagnvart börnum sem eiga íslensku að móðurmáli. Lestrarvinaverkefnið er einn af möguleikum sem hægt er að nýta til að ná því markmiði.

Hvernig er unnið að málörvun í daglegu starfi leikskóla

Leikskólum Reykjavíkurborgar býðst ráðgjöf og fræðsla - á starfsdögum, deildarfundum, vegna einstakra barna o.fl. - um þá þætti sem skipta máli í máltöku tví- og fjöltyngdra barna og leiðir til að skrá og fylgjast með framförum þeirra, t.d. hvernig notast megi við bæklinginn [Einn leikskóli – mörg tungumál](#). Bent er á fjölbreyttar leiðir til að styðja við og vinna með íslensku og móðurmál barna í samstarfi við foreldra meðal annars með því að nýta vefefnið [Tungumál er gjöf](#). Fjölbreyttir kennsluhættir fela í sér að koma til móts við þarfir allra barna og veita öllum börnum tækifæri til virkrar þátttöku. Sem dæmi er áhersla lögð á myndrænt umhverfi, nota látbragð og myndir um leið og orð eru lögð á hluti og athafnir. Þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir börn sem eru ný í íslensku málumhverfi en gagnast jafnframt öllum börnum. Áhersla er lögð á að vinna út frá áhuga barnanna og útvíkka orðaforða þeirra í gegnum leik og skipulagðar stundir (í samveru- og sögustundum, í fataklefa, við matarborð o.s.frv.). Á vefnum [Allir með](#) eru ýmsar upplýsingar og hugmyndir að leiðum sem henta vel fjölbreyttum barnahópum.

Hvernig er unnið að málörvun í daglegu starfi í grunnskólum

Mikið er lagt upp úr eflingu orðaforðans í allri kennslu í grunnskólum borgarinnar. Grunnskólar leggja áherslu á íslenskan orðaforða í kennslu í íslensku sem öðru tungumáli, á samskipti og þá

sérstaklega á að átt sé samtal við börnin. Notast er við málskilningsprófið Milli mála til að fylgjast með stöðu barna með íslensku sem annað tungumál í þeim orðaforða sem birtist í íslensku námsefni.

Draumaskólinn – Fellaskóli

Draumaskólinn Fellaskóli er námssamfélag þar sem nemendur sækja menntun og byggja undir framtíð sína. Innleiðing á verkefninu hefst haustönn 2020 þar sem áhersla verður lögð á markvisst tónlistaruppeldi sem tæki til að kenna íslensku enda er stór hluti nemenda með annað móðurmál en íslensku. Sérstaklega verður unnið með málþroska og læsi þar sem sérstakt samstarf er á milli leikskólanna Holts og Aspar við Fellaskóla en deildastjóri málþroska og læsis verður brú á samstarfi milli skólastiganna tveggja.

Sumarstarf 1, 2 og Fellaskóli

Í frístundaheimilinu Vinafelli í Fellaskóla er boðið uppá fjölbreytt námskeið í sumarfrístund fyrir nemendur í 1. og 2. bekk Fellaskóla.

Gefðu 10

Gefðu 10 er einföld aðferð ætluð til þess að auka samræðu og samskipti við fjöltyngd börn sem eru að læra íslensku sem annað mál. Rannsóknir hafa sýnt að það tekur langan tíma að ná tökum á nýju tungumáli. Fyrst ná börnin tökum á einföldu samskiptamáli en smátt og smátt eykst orðaforði þeirra, þau ná meiri hæfni í tjáningu og skilja flóknari setningar. Það er talað um að það taki 1-2 ár að ná góðum tökum á samskiptaorðaforða í nýju tungumáli en um 5-7 ár eða jafnvel lengur að ná tökum á dýpri orðaforða eða skólaorðaforða. Þar kemur Gefðu 10 sterkt inn en þetta er einföld aðferð með það að markmiði að auka samtal og samskipti leikskólastarfsfólks við fjöltyngd börn með því að nota a.m.k. 10 mínútur á dag í samskipti við hvert barn (getur verið 1x10 mín. eða 2x5 mín.). Þá á kennari frumkvæði að jákvæðum samskiptum, talar út frá áhuga og viðfangsefnum barnsins. Á deild með 4 kennurum þýðir það 40 mínútna málörvun í daglegu starfi (fyrir utan lesstundir og aðrar skipulagðar málörvunarstundir). Þá er gjarnan byrjað á grunnorðaforða sem tengist samskiptum í daglegu starfi en smátt og smátt þarf að bæta við erfiðari orðaforða og kenna flóknari hugtök. Mikilvægt er að sýna hlýju og á sama tíma hafa háar væntingar til barnsins. Með því að gefa 10 er verið að örva málþroska, auka samskipti, fjölga námstækifærum barnsins og skapa rými til virkrar þátttöku. Barnið upplifir að það tilheyrir barnahópnum og öðlast betri trú á eigin getu. Gefðu 10 og fleira: <https://reykjavik.is/allir-med/hugmyndir-og-leidir>

Velkominn í hverfið okkar

Móttökuáætlun „Velkomin í hverfið þitt“ leggur áherslu á heilðræna nálgun við móttöku nýrra fjölskyldna með börn á leik- og grunnskólaaldri. Að verkefninu koma fulltrúar grunnskóla sem er fyrsti áfangastaður í móttökunni, fulltrúar leikskóla ef barn er á leikskólaaldri, fulltrúi frístundarmiðstöðvar og fulltrúi þjónustumiðstöðvar. Sérstaklega er hugað að fjölskyldum í viðkvæmri stöðu. Í viðtölum við foreldra er rætt um mikilvægi þess að börnin dvelji í frístundastarfi eftir skóla til að lengja viðveru þeirra í íslensku málumhverfi.

Hvernig er unnið að málörvun í daglegu frístundastarfi

[Frístundalæsi](#) er verkefni sem hefur verið innleitt inni öll frístundaheimili og verið að taka næsta skref að innleiða inn í félagsmiðstöðvar. Í Frístundalæsi er m.a. lögð sérstök áhersla á málörvun barna sem lið í daglegu frístundastarfi.

Frítt í frístund

Frítt í frístund er verkefni sem lýtur að því að bjóða öllum nýjum börnum sem flytja til landsins og eru að hefja skólagöngu á Íslandi í 1. - 4. bekk gjaldfrjálsa vist í frístundaheimili í þrjá

mánuði. Markmið verkefnisins er að kynna frístundastarfið fyrir þeim sem eru nýkomin til landsins sem lið í því að lengja viðveru í íslensku málumhverfi.

1, 2 og Fellaskóli

Í frístund Fellaskóla er lengd viðvera fyrir 1. og 2. bekk. Öll börn í 1. og 2. bekk, sem ganga í Fellaskóla, fara í frístund og er því skóladagur þeirra frá 8:30-15:40. Starfsfólk Vínafells starfar við Fellaskóla fyrri hluta dags sem hluti af stoðþjónustu skólans. Markmið lengdrar viðveru er að lengja ílag barnahópsins í íslensku málumhverfi.

Lært í gegnum leikinn

Sumarið 2020 gafst tækifæri til að ráða háskólanema vegna atvinnuáttaksverkefnis á vegum ríkisins í tvo mánuði. Verkefnið „Lært í gegnum leikinn“ var ætlað börnum á grunnskólaaldri sem flutt höfðu til landsins á síðastliðnum 12 mánuðum. Meginmarkmið verkefnisins var að stuðla að lengri viðveru barna í íslensku málumhverfi með áherslu á að nota íslensku í daglegum samskiptum og leik. Um var að ræða tvö námskeið, þrjár vikur í senn, með annars vegar nemendum í 1.- 4. bekk og hins vegar nemendum í 5. - 7. bekk. Alls tóku um 120 börn þátt í verkefninu sem þótti takast vel.

MÚÚ

[Miðstöð útikennslu og útináms](#) býður upp á fræðslu fyrir nemendahópa þar sem unnið er með fjölbreyttan orðaforða í útnámi. Skemmtilegt verkefni þar sem nemendur fara út til þess að kanna heiminn í kringum sig á eigin forsendum. Vettvangur námsins er náttúran og umhverfið við Frístundamiðstöðina Gufunesbæ. Nemendum gefst kostur á því að varpa fram spurningum af eigin frumkvæði, leita svara og síðan deila niðurstöðum sínum með bekknum.

Verkefni bókasafna

Allar bækur sem eru á Borgarbókasafninu eru lykiltól til þess að efla íslenskan orðaforða. Boðið er upp á [opnar sögustundir í Kringlunni](#) á íslensku, [Fjölskyldustundir í Grófinni og Kringlunni](#) og [tilraunaverkstæði í Gerðubergi](#).

KrakkaRÚV

KrakkaRÚV býður upp á fjölbreytt efni fyrir börn og unglínga. Áhersla er í skólakerfinu á að benda börnum og foreldraum á þetta efni og mikilvægi þess að börn sem hafa íslensku sem annað tungumál horfi á íslenskt barna- og unglíngaefni.

Íslenskuþorpið

Hjá Íslenskuþorpinu er boðið upp á nýstárlega leið í tungumálanámi fyrir fólk sem er að læra íslensku sem annað mál. Íslenskuþorpið er að finna innan ákveðinna fyrirtækja og stofnana í Breiðholti, á Háskólasvæðinu og í bæjarlífinu í Reykjavík eins og á kaffihúsi, bókasafni, veitingastað, í bókabúð, bakaríi, sundlaug og í nokkrum félagsmiðstöðvum eldri borgara. Íslenskunemarnir undirbúa sig í kennslustofu áður en þeir fara í Íslenskuþorpið til að sinna erindum sínum. Starfsfólkið í fyrirtækjunum tekur þeim fagnandi og tryggir að íslenska verði töluð við afgreiðsluna. Íslenskuþorpið myndar þannig styðjandi umgjörð á leið til virkrar þátttöku í samfélaginu.

Dæmi um verkefni sem vinna að aukinni þátttöku barna og ungmenna í skipulögðu íþróttta- eða félagsstarfi í Breiðholti

Framboð í nærumhverfi, kostnaður og gæði starfs hefur mikið að segja um þátttöku barna og ungmenna í menningar, félags- og íþróttastarfi. Reynsla Íþróttafélags Reykjavíkur, sem starfar í Breiðholti sýnir að gott framboð, lág æfingagjöld og faglegt starf virðist ekki ná nema til hluta iðkenda eins og nýting frístundakortsins í hverfinu hefur sýnt.

Um nokkurra ára skeið hefur verið boðið upp á [ÍR unga](#) þar sem æfingar fara fram í íþróttahúsinu Austurbergi, Breiðholtsskóla og Seljaskóla. Gegnum ÍR unga geta börn í 1. og 2. bekk stundað æfingar í 6 íþróttagreinum gegn einu æfingagjaldi og gert er ráð fyrir að börnin prófi sig áfram og geti flutt sig á milli greina eftir áhuga. Þrátt fyrir að reynt hafi verið að halda æfingagjöldum í lágmarki sýnir reynslan að ákveðinn hópur barna hverfisins skilar sér ekki á æfingar.

[TUFF verkefnið](#) fór af stað í Breiðholti vorið 2018. Farið var í mikla kynningarvinnu á starfi íþróttafélaganna, nýjir iðkendur þurftu ekki að borga æfingagjöld fyrstu mánuðina og á sama tíma var mikið lagt upp úr fagmennsku þjálfara varðandi móttöku einstakra iðkenda. Reynslan af TUFF leiddi í ljós talsverðan áhuga meðal barna og ungmenna að prófa nýjar íþróttir, en þó svo tugir barna byrjuðu að æfa var aðeins brotabrot sem hélt áfram að prufutímanum loknum. Haustið 2019 var lögð meiri áhersla á samstarf við kennara í grunnskólum og að kennarar finni börnin sem eru óvirk og aðstoði þá við að hefja iðkun íþróttar eða taka þátt í uppbyggilegu frístundastarfi s.s. dans, tónlist, skátum, skák eða félagsmiðstöð.

Í framhaldi af TUFF verkefninu lögðu Þjónustumiðstöð Breiðholts í samstarfi við ÍR af stað með verkefni sem miðar að því að styrkja persónuleg tengsl nýrra iðkenda við félagið á einstaklingsmiðaðan máta m.a. gegnum mentora innan félagsins. Reynslan af Baunagrasinu sýnir að gæði móttöku nýrra iðkenda í félaginu eykur líkurnar á því að nýir iðkendur upplifi sig velkomna og að þeir finni að þér séu hluti af félaginu. Mannleg samskipti þurfa aukna vigt og tíma hjá íþróttafélögum, ekki síst fyrir tví- og fjölytyngd börn og foreldra þeirra.

Haustið 2019 hófst nýtt verkefni innan veggja Fellaskóla. Verkefnið heitir Frístundatengill og hefur að markmiði að auka þátttöku unglunga í Fellaskóla í skipulögðu íþrótt- og tómsundastarfi. Verkefnið er styrkt af Sprotasjóði. Unnið er eftir sömu hugmyndafræði og í Baunagrasi ÍR, en út frá sérstökum frístundatengli/ráðgjafa, sem starfar í skólanum. Frístundatengillinn hefur að markmiði að tengja þau börn (og foreldra þeirra) við þjálfara þeirra íþróttar eða félagsstarfs sem börnin hafa áhuga á að stunda og fylgja þeim eftir fyrstu vikurnar.

Til viðbótar má nefna að ÍR hefur lengi verið í samstarfi við leikskóla Breiðholts um að bjóða upp á íþróttatíma án endurgjalds undir stjórn íþróttþjálfara félagsins. Markmið þess verkefnis er að leyfa öllum börnum að kynnast íþróttæfingum.

Rauði krossinn

Krakkanám er heimanámsaðstoð fyrir grunnskólanemendur í 4.-10. bekk. Sjálfboðaliðar frá Rauða krossinum taka á móti börnunum á söfnunum og er áhersla lögð á að virkja nemendurna í námi og hafa það skemmtilegt saman. Boðið er upp á Krakkanám á fjórum söfnum Borgarbókasafnsins; í Gerðubergi, í Árbænum, í Kringlunni og í Spönginni. Rauði krossinn starfrækir einnig heimanámsaðstoð í öðrum bæjarfélögum og annars staðar í Reykjavík. Krakkanám er unnið að danskri fyrirmynd og er samstarfsverkefni Borgarbókasafnsins og Rauða krossins.

Krakkanám er:

- Aðstoð við nám og lestur í notalegu umhverfi
- Tækifæri til að styrkja sjálfsmyndina
- Skemmtilegur félagskapur í skapandi og öruggu umhverfi

Móðurmálssamtökin –íslenskukennsla

Móðurmálssamtökin bjóða börnum sem hafa íslensku sem annað tungumál upp á íslenskunám á laugardagsmorgnum í Hólabrekkuskóla, hver hópur í klukkustund. Hópurinn er á aldrinum 4-12 ára. Kennslan er byggð á þemanámi þar sem farið er í algenga orðaflokka eins og líkaminn,

matur og menning, dýrin og sveitin, árstíðirnar og þess háttar. Markmið kennslu er að auka orðaforða barnanna og fá þau til að spjalla, fönbra og skrifa stuttar setningar.

Fræðsla fyrir foreldra um ábyrgð og áhrif þeirra á nám og vellíðan barna sinna

SAMFOK í samstarfi við Móðurmál og einstaka móðurmálsskóla á höfuðborgarsvæðinu stóðu fyrir málþingum um skólamál með fókusi á erlenda foreldra, á starfsárinu 2017-18. Fjallað var um það sem einkennir skóla- og frístundastarf á Íslandi, samstarf foreldra og skóla og virkt fjölgtyngi barna. Haldin voru 10 málþing á helstu tungumálunum. Erindin voru flutt ýmist á íslensku eða viðkomandi tungumáli, alltaf túlkuð. Markmiðið með málþingunum var að fræða foreldra og skapa vettvang til að tala saman um skólamenningu á Íslandi og áhuga, ábyrgð og áhrif foreldra á nám og vellíðan barna sinna. Upplýsingar á 10 tungumálum. sjá: <http://samfok.is/verkefni-samfok/allir-med>.